

Fundargerð - Stjórn FRÍ

Fundur númer: 3. fundur stjórnar FRÍ 2026-2028

Fundartími: Mánudagur 18. maí 2026 kl. 16.30 - 19.30

Staðsetning: Fundarsalur ÍSÍ í Laugardal

Fundarstjórn: Sveinn Margeirsson

Fundarritun: Rannveig Oddsdóttir

Fundarmæting: Aðalstjórn: Sveinn Margeirsson (SM), Sonja Sif Jóhannsdóttir (SSJ),
Rannveig Oddsdóttir (RO), Trausti Stefánsson (TS) á
staðnum, Katrín Jakobsdóttir (KJ) sat fyrri hluta
fundarins í fjarfundi

Varastjórn: Jón Örn Árnason og Hafðís Ósk Pétursdóttir (HÓP) kom inn á miðjan fundinn

Forfölluð:

Skrifstofa: Guðmundur Karlsson (GK)

Gestir: Willum Þór Þórsson, Freyr Ólafsson og Friðleifur Friðleifsson

1. Fundarsköp

- Fundur og fundarboðun lögmæt
- Rafrænt afgreidd erindi frá síðasta fundi: engin

2. Aðstöðumál

Fundi sem boðaður hafði verið með ráðherra í morgun um byggingu þjóðarleikvangs í frjálsum íþróttum í Laugardal var frestað vegna andláts í fjölskyldu ráðherra. Stefnt að því að ná fundi með ráðherra svo fljótt sem auðið er.

Minnisblað lagt fram. Staða mála rædd og hvernig best sé að vinna málið áfram. Það er búið að vinna heilmikla undirbúningsvinnu og í fyrra var undirrituð viljayfirlýsing FRÍ, Reykjavíkurborgar og ríkis um málið en lítið hefur gerst síðan.

Eðlilegt er að ljúka frumathugun fyrir byggingu þjóðarleikvangs á þessu ári og fara áfram í hönnunarfásann í byrjun næsta árs. Þjóðarleikvangur mun ekki eingöngu nýtast til alþjóðlegs mótahalds, heldur líka til að efla mótahald innanlands og aðstöðu fyrir íþróttaiðkendum á öllum aldri. Afreksmiðstöð mun einnig njóta góðs af uppbyggingu þjóðarhallar.

Willum Þór Þórsson forseti ÍSÍ og Freyr Ólafsson fyrrum formaður FRÍ komu inn á fundinn. Óljóst er hvernig staðan er hvað varðar byggingu þjóðarhallar í Laugardalnum. Að öllum líkindum væri hagkvæmt að vinna að uppbyggingu þjóðarhallar og þjóðarleikvangs saman. Mikilvægt er að ÍSÍ hafi möguleika á samhæfingu hagsmunaaðila á svæðinu. Willum leggur til að fulltrúum þeirra sársambanda sem eiga hagsmuna að gæta hvað varðar aðstöðu í dalnum verði boðið til fundar, þ.a. samhæfa megi skipulag.

3. Útbreiðslumál

Björg Gunnarsdóttir hefur hafið störf sem fræðslu- og útbreiðslustjóri. Hún er strax komin með fjölda beiðna um kynningar þar sem hún fer með Kids Athletic á staðinn og sáir frjálsíþróttatræjum.

Friðleifur Friðleifsson formaður langhlaupanefndar kom inn á fundinn til að ræða hlaupamálin. Vel hefur gengið að bjóða hlaupara velkomna í FRÍ. Það var tekið samtal við hlaupahópa fyrir nokkru og síðan hafa allnokkrir hlaupahópar bæst í hóp félaga FRÍ. Rætt um frekari útbreiðslu meðal hlaupahópa og útfærslur gjaldtöku, s.s. hlaupapassa, árgjald og hausagjald fyrir þátttöku í hlaupum. Sem stendur er hlaupapassi ekki raunhæfur möguleiki því umgjörðin um félagatal og skráningu í hlaup styður það ekki.

Sá stórvíðburður er framundan að Tove Alexandersson ein fremsta utanvegahlaupakona í heimi er væntanleg til landsins. Tove hefur verið sigursæl í rathlaupum (margfaldur heimsmeistari þar), utanvegahlaupum (núverandi heimsmeistari) og í fjallskíðakeppnum/Skimo. Tove ætlar að dvelja á Íslandi í 12 daga, ferðast hringinn um landið og mun keppa í Dyrfjallahlaupinu og Laugavegshlaupinu.

4. Fjármögnun og fjármál

Fyrri úthlutun úr Afrekssjóði fer fram núna fljótlega. Áætlað að úthluta 12 milljónum þá. Guðmundi og Trausta falið að útfæra það. Tillögur eru svo sendar stjórn til samþykktar.

4. Önnur mál

Ungmennafélag Selfoss fagnar 90 ára afmæli laugardaginn 31. maí og hefur sent FRÍ boðsbréf. Katrín mætir og mögulega Trausti einnig.

Undirbúningur 100. Meistaramóts Íslands er í fullum gangi. Gert er ráð fyrir erindi frá undirbúningsnefnd til stjórnar berist innan tíðar.

Tekin fyrir tillaga frá Langhlaupanefnd vegna óskar Arnars Péturssonar um að taka þátt í HM í 100 km götuhlaupi sem fer fram á Spáni í september. Óskin kemur frá hlauparanum sjálfum og samkvæmt reglugerð um val í landslið og landsliðsverkefni getur FRÍ samþykkt að hlauparar sem óska eftir að taka þátt í mótum þar sem FRÍ fer með keppnisrétt. Samþykkt að veita Arnari leyfi til að keppa. Gert er ráð fyrir að hann standi straum af ferðakostnaði sjálfur.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 4. júní kl. 16.30 í fjarfundi.